



Lopi 159 - Peysa, húfa og buxur

STÆRÐIR:

Peysa	8/18 m	(18/24 m)	4	(6)	8 ára
Yfirvídd:	56	(58)	60	(67)	69 cm
Lengd á bolað handvegi:	19	(21)	26	(28)	33 cm
Ermalengd frá handvegi:	21	(23)	28	(30)	33 cm
Buxur	8/18 m	(18/24 m)	-	-	-
Skálmalengd :	25	(28) cm			

EFNI

Létt-Lopi - 50 g dokkur

Peysa og húfa

Blátt 1403/Hvítt 0051 3 (3) 4 (4) 5

Hvítt 0051/D.móráutt 0867 2 (2) 2 (2) 2

Rautt 9437/Móráutt 0085 1 (1) 2 (2) 2

Buxur

Blátt 1403/Hvítt 0051 2 (2)

Hvítt 0051/D.móráutt 0867 1 (1)

Rautt 9437/Móráutt 0085 1 (1)

Ef „lúsamunstrinu“ er sleppt í buxunum (sjá bláar buxur) er bætt við einum lit í aðallit.

Hringprjónar nr 4 og 5 (lengd fer eftir hvaða stærð er verið að prjóna)

Sokkaprjónar nr 4 og 5

1 tala (ef eyrnahlífar eru prjónaðar á húfuna)

Prjónfesta

18 L og 20 umf slétt prjón á prjóna nr 5 = 10 x 10 cm. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

Aðferð

Peysa: Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað í hring. Samskeyti eru í vinstri hlið á bol og á mótum bakstykki og vinstri ermar á axlastykki.

Buxur: Skálmar eru prjónaðar hvor í sínu lagi fram og til baka og síðan sameinaðar á einn prjón.

PEYSA

Bolur

Fitjið upp 80 (86) 92 (100) 110 L með aðallit á L á hringprjón nr 4. Tengjið í hring og prjónið stroff (1 L sl, 1 L br) alls 9 (10) 11 (12) 13 umf. Setjið merki við byrjun umf.

Skiptið yfir á prjóna nr 5, prj 1 umf sl og aukið út um 20 (18) 16 (20) 14 L jafnt yfir umf => 100 (104) 108 (120) 124 L. Prj munstur 1 og endurtakið „lúsamunstrið“ alls 3 (4) 5 (6) 7 sinnum eða þar til æskilegri lengd er náð.

Aðeins Stærðir 6 og 8 ára: Eftir 5 „lúsamunstur“ er aukið út um 1 L í hvorri hlið og aftur eftir 6. og 7. munstur => 100 (104) 108 (126) 130 L.

Allar stærðir: Prj 3 umf í grunnlit og setjið 6 (6) 7 (7) 7 L í hvorri hlið á band eða hjálparnælu (handvegur). Geymið og prjónið ermar.

Ermar

Fitjið upp 26 (26) 28 (28) 28 L á sokkaprjóna nr 4. Tengjið í hring og prjónið stroff eins og á bol 10 (12) 13 (13) 14 umf. Skiptið yfir í prjóna nr 5 og aukið út um 10 (10) 12 (12) 12 L jafn yfir umf => 36 (36) 40 (40) 40 L. Prj munstur 1 og síðan „lúsamunstur“ 4 (5) 6 (7) 8 sinnum. Eftir „lúsamunstur, prj 3 umf með grunnlit og setjið 6 (6) 7 (7) 7 L undir miðri ermi á band eða hjálparnælu (handvegur).

Axlastykki

Sameinið lykkjur af bol og ermum þannig: Prj fyrri ermi við, síðan framstykki af bol, þá seinni ermi og að lokum bakstykki á bol => 148 (152) 160 (176) 182 L. Setjið merki við byrjun umf. Takið jafnt út 4 (2) 4 (2) 2 L í næstu umf => 144 (150) 156 (174) 180 L.

Prj munstur 2 og síðan 1 umf í grunnlit.

Næsta umf: Takið úr jafnt yfir umf 32 (30) 28 (38) 36 L => 112 (120) 128 (136) 144 L.

Prj 1 umf með grunnlit og síðan munstur 3. Prj 1 umf með grunnlit.

Næsta umf: Takið úr jafnt yfir umf 28 (32) 36 (40) 44 L => 84 (88) 92 (96) 100 L. Prj 1 umf með grunnlit. Prj munstur 4 og síðan 3 umf með grunnlit en takið úr jafnt yfir umf 2 34 (36) 38 (40) 42 L => 50 (52) 54 (56) 58 L. Skiptið yfir í prjóna nr 4 og prj stroff 1 L sl, 1 L br, alls 10 (12) 14 (16) 18 umf eða eins langt og vill. Fellið laust af.

Frágangur

Gangið frá endum og lykkjið saman undir höndum. Brjótið kragann inn um helming og saumið niður á röngu eða ef hann er hafður langur er hann brotinn út á réttu (rúllukragi).

BUXUR

Prjónið tvær skálmar eins þannig: Fitjið upp 48 (52) L með grunnlit á prj nr 5. Prj fram og til baka slétt prjón (sl frá réttu, br frá röngu) alls 6 (8) umf. Prj 15 umf munstur 1. Prj „lúsamunstur“ ef vill þar til skálm mælist 26 (30) cm.

Setjið nú báðar skálmarnar á einn hringprjón nr 5 og setjið merki við byrjun umf. Tengjið í hring og aukið út um 2 L í byrjun og enda hvorrar skálmar (104 (112) L. Prj áfram alls 11 (11) cm. Næsta umf. Aukið út um 4 L í byrjun og enda hvorrar skálmar => 120 (128) L. Endurtakið þessa útaukningu eftir 17 (17) cm frá klofi.

Stærð 8/18 mán. Prj 6 umf stroff (2 L sl, 2 L br). Fellið laust af.

Stærð 18/24 mán. Prj áfram 3 cm (þar til buxur mælast 20 cm frá klofi). Prj 8 umf stroff (2 L sl, 2 L br) og fellið laust af.

Frágangur

Præðið teygjutvinna í strenginn. Saumið saman skálmar. Brjótið upp fald neðan á skálmum inn á röngu og saumið laust niður. Gangið frá endum.

HÚFA

Fitjið upp 60 (60) 64 (68) 72 L með grunnlit á prj nr 4. Prj stroff (1 L sl, 1 L br) alls 11 (12) 13 (14) 16 umf. Skiptið yfir á prjóna nr 5 og prj 1 umf með grunnlit, 13 umf munstur 1 og síðan „lúsamunstur“ 2 (3) 3 (4) 4 sinnum. Prj að lokum 3 (0) 3 (0) 3 umf með grunnlit. Præðið lykkjur upp á band og dragið saman. Gangið frá endum.

Eyrnahlífar: Stærðir 8/18 og 18/24 mán.

Takið upp 13 (15) L með grunnlit á þrjú nr 4 í stroffbrúnina, 5 L frá byrjun umf. Þrjú stroff, alls 14 (16) umf. Fellið af 3 L í byrjun næstu tveggja umf => 7 (9) L.

Næsta umf: Búið til hnappagat með því að fella af 2 L fyrir miðju.

Næsta umf: Fitjið upp 2 L í stað þeirra sem felldar voru af í fyrri umf.

Seinni eyrnahlíf: Takið upp 13 (15) í stroffbrún og látið 10 lykkjur vera á milli eyrnahlífa á baklið húfunnar. Þrjú á sama hátt og hina fyrri en án hnappagats.

Gangið frá endum. Útbúið dúsk og festið á húfuna.

Hönnun: Ragnheiður Matthíasdóttir

